

Frjálsi lífeyrissjóðurinn

# Mikil ábyrgð að varðveita lífeyrissparnað sjóðfélaga

Pótt ekki sé skylduáðild að Frjálsa lífeyrissjóðnum hefur sjóðfélögum fjölgað um 1.300 á árinu og eru þeir nú tæplega 50 þúsund. Ávöxtun fjárfestingarleiða sjóðsins hefur verið 8,6%-9,7% á ársgrundvelli síðustu tíu árin. Sjóðurinn er með rekstrarsamning við Arion banka og sinna starfsmenn bankans rekstrinum.

TEXTI: VALGERÐUR Þ. JÓNSDÓTTIR / MYNDIR: FRJÁLSI LÍFEYRISSJÓÐURINN



Arnaldur Loftsson, framkvæmdastjóri Frjálsa lífeyrissjóðsins.

Nýverið valdi fagtímaritið Investment Pension Europe (IPE) Frjálsa lífeyrissjóðinn besta lífeyrissjóð Evrópu í sínum stærðarflokki og besta lífeyrissjóð smáþjóða. Arnaldur Loftsson, framkvæmdastjóri sjóðsins, segir dómnafndina einkum hafa litið til tveggja þátta. Annars vegar til eignastýringar sjóðsins sem hafi gengið vel bæði í kringum hrúnið og síðustu misseri í krefjandi markaðsaðstæðum. Og hins vegar uppbyggingar sjóðsins sem hafi þá sérstöðu umfram flesta lífeyrissjóði að hluta af 12% skylduigjaldinu er ráðstafað í séreignarsjóð.

„Þetta fyrirkomulag felur í sér að hluti iðgjalda erfist og séreignin býður upp á að sjóð-

félagar hafi meiri sveigjanleika um fyrirkomulag á útgreiðslum. Sjóðurinn hefur verið að þróa fleiri kosti varðandi greiðslu ellilífeyris. Jafnframt er boðið upp á fjórar misáhættumiklar fjárfestingarleiðir fyrir séreignina, sem þýðir að sjóðfélagar hafa meira val um leiðir sem henta áhættuþoli þeirra og viðhorfi til áhættu,“ segir Arnaldur.

## FRAMÚRSKARANDI NIÐURSTÖÐUR Í LYKILPÁTTUM KÖNNUNAR CAPACENT

Alþjóðlegar viðurkenningar af þessu tagi segir hann mikilvægar og eiga sinn þátt í því að viðhalda ánægju og trausti sjóðfélaga. Þeir eru tæplega 50 þúsund og hefur fjölgað um 1.300 á árinu 2014. „Í ljósi þess að engin skylduáðild er að

Frjálsa lífeyrissjóðnum er sérstaklega ánægjulegt að svona margir treysti sjóðnum fyrir lífeyrissparnaði sínum. Hrein eign sjóðsins hefur aukist um 15 milljarða á árinu, úr 130 milljörðum í lok árs 2013 í 145 milljarða.“

Efst í huga Arnaldar um áramót er hversu ánægðir sjóðfélagar eru með sjóðinn og það traust sem þeir bera til hans. Arnaldur bendir á að þetta viðhorf komi skýrt fram í samtölum hans við sjóðfélaga. Nýleg könnun Capacent á viðhorfi sjóðfélaga til starfsemi lífeyrissjóða, stjórna þeirra og stjórnenda staðfestir þetta líka glögglega.

„Frjálsi lífeyrissjóðurinn fékk framúrskarandi niðurstöður í öllum lykilþáttum könnunarinnar. Það er gott að vita að sjóðfélagar hafa almennt jákvætt viðhorf til sjóðsins. IPE-verðlaunin, sem ég er líka mjög stoltur af, eru starfsmönnum og stjórn sjóðsins einnig mikil hvatning til að leggja enn harðar að sér við að ná góðri ávöxtun og veita sjóðfélögum framúrskarandi þjónustu.“

Starfsemi Frjálsa lífeyrissjóðsins á árinu segir Arnaldur einkum hafa snúist um mikla vinnu starfsmanna í eignastýringu og stjórnar sjóðsins vegna stórra fjárfestingar-ákvarðana. Til dæmis hafi sjóðurinn komið að endur-

fjármögnun Reita, sem fól í sér fjárfestingu upp á rúmlega þrjú milljarða, eina af stærstu einstöku fjárfestingum sjóðsins.

## SJÓÐFÉLAGALÁN OG RÝMRI LÁNAREGLUR

„Sjóðurinn býður upp á sjóðfélagalán og rýmkaði lána-reglurnar verulega á árinu, sem gerði lánin enn eftir-sóknarverðari. Við hækkuðum hámarkslánsfjárhæðina í 40 milljónir og buðum upp á jafnar afborganir til viðbótar við jafn-greiðslulán fyrir sjóðfélaga, sem vilja greiða lán sín hraðar niður.“

Fjárhagsleg áhrif skuldaleiðréttingar ríkisstjórnarinnar á Frjálsa lífeyrissjóðinn sem kemur til framkvæmda á árinu 2015 eru að sögn Arnaldar óveruleg því ríkissjóður mun greiða sjóðnum þann hluta sjóðfélagalánanna sem verður felldur niður; auk þess nema sjóðfélagalánin aðeins um 2% af eignum sjóðsins. „Sama gildir um þann hluta leiðréttingarinnar sem snýr að greiðslu viðbótariðgjaldanna inn á húsnæðislán vegna þess að einungis lítil hluti heildariðgjaldanna í sjóðnum eru viðbótariðgjöld, en slík iðgjöld má eingöngu nota til að greiða inn á húsnæðislánin. Hins vegar hafði sá hluti mjög mikil áhrif á starfsemi sjóðsins á árinu og

varði starfsfólk miklum tíma í það verkefni.“

## FLÓKIÐ OG UMFANGSMIKIÐ VERKEFNI

Sjálfur var Arnaldur í starfshópi fjármálaráðuneytisins sem útfærði úrræðið og samdi drög að lagafrumvarpinu, enda með langa reynslu að baki sem sérfræðingur í lífeyrismálum. Hann segir fjölda starfsmanna Arion banka, sem sinni rekstri Frjálsa lífeyrissjóðsins, hafa unnið að gerð verkferla og þróun tölvukerfa til að gera sjóðinn betur í stakk búinn að sinna þessu flókna og umfangsmikla verkefni – og leyst það frábærlega.

„Ennfremur kallaði það á töluverða vinnu þegar stjórnvöld, samhliða þessu úrræði, hækkuðu frádráttarbært viðbótariðgjald á ný úr 2% í 4% af launum. Fjölmargir sjóðfélagar nýttu sér það og hækkuðu iðgjöld sín í sjóðinn,“ segir Arnaldur og nefnir fjölsóttu fræðslufundi sjóðsins um lífeyrismál og sjóðinn sjálfan sem dæmi um hversu áhugasamir og vakandi sjóðfélagar eru fyrir breytingum.

„Við höldum líka fundi um útgreiðslur lífeyrissparnaðar og eflum útgreiðsluráðgjöf sjóðsins, enda margt sem þarf að hafa í huga áður en ákvörðun um útgreiðslur lífeyrissparnaðar er tekin. Við kappkostum að aðstoða sjóðfélaga og hvetjum þá til að leita til ráðgjafa okkar.“

## ERLENDAR FJÁRFESTINGAR NAUÐSYNLEGAR AÐ SKAPA VERKEFNI

Arnaldur er mjög bjartsýnn á næsta ár. Hann telur margt benda til að hagvöxtur aukist og væntir þess að verðtryggt ríkisskuldabréf, sem eru stór hluti af eignasafni Frjálsa lífeyrissjóðsins, gefi betri ávöxun en árið 2014, en þá hækkaði ávöxtunarkrafan og hafði það neikvæð áhrif á ávöxtun. Hann spáir því að fleiri félög komi inn á innlenda hlutabréfamark-



Nýverið valdi fagtímaritið Investment Pension Europe (IPE) Frjálsa lífeyrissjóðinn besta lífeyrissjóð Evrópu í sínum stærðarflokki.

aðinn, sem yrði jákvætt fyrir fjárfesta eins og lífeyrissjóði.

„Vonandi verða tekin skref í losun fjármagnshafta. Það er af ýmsum ástæðum nauðsynlegt að lífeyrissjóðir fái að fjárfesta erlendis, en þó fyrst og fremst til að þeir nái betri áhættudreifingu á eignum sínum,“ segir Arnaldur og bætir við að eignastýring sé mikilvægasti þátturinn í starfsemi sjóðsins.

„Við munum áfram leggja mikla áherslu á að skoða vandlega þá fjárfestingarkosti sem koma á okkar borð, en oft líða margir mánuðir og ótaldar vinnustundir frá því að fjárfestingarkostur er kynntur þar til ákvörðun um fjárfestinguna er tekin. Enginn skortur er á fjárfestingarkostum og sjóðurinn er orðinn það stór að þeir aðilar á markaði sem þurfa fjármögnun upp á milljarða króna leita yfirleitt til sjóðsins. Frjálsi lífeyrissjóðurinn býr við þá eftirsóknarverðu stöðu að geta valið úr fjölmörgum fjárfestingarkostum sem eru kynntir sjóðnum.“

## STJÓRNVÖLD DUGLEG AÐ SKAPA VERKEFNI

Spurður hvort breytingar verði á starfsemi Frjálsa lífeyrissjóðsins árið 2015 eða í nánustu framtíð svarar Arnaldur því til að stjórnvöld hafi verið dugleg að skapa sjóðnum verkefni með ýmsum lagabreytingum sem varða lífeyrissparnað. „Við vitum því aldrei á hverju við eigum von, en erum ávallt með hugann við með hvaða hætti

þegar þeir þurfa ekki á eins háum tekjum að halda.“

## 8,6-9,7% ÁVÖXTUN Á ÁRSGRUNDEVILLI

Frjálsi lífeyrissjóðurinn er með rekstrarsamning við Arion banka og telur Arnaldur það hafa reynst sjóðnum farsælt að hafa slíkan bakgjafi í þeim miklu breytingum sem orðið hafi á rekstrarumhverfi lífeyrissjóða undanfarin ár.

„Ég tel að einn stærsti kostur sjóðsins sé að Eignastýring Arion banka sinnir eignastýringu sjóðsins, en hún hefur skilað honum góðri langtímaávöxtun. Vegna erfðra markaðsaðstæðna hafa komið ár þar sem ávöxtun er lág, en ef horft er tíu ár aftur í tímann hefur meðalávöxtun fjárfestingarleiða sjóðsins verið 8,6%-9,7% á ári þrátt fyrir hrunárið 2008.“

Um samkeppnina um lífeyrissparnað landsmanna segir Arnaldur þetta: „Við gerum okkur grein fyrir þeirri ábyrgð sem felst í því að varðveita lífeyrissparnað sjóðfélaga og ætlum að standa undir þeirri ábyrgð. Ef við stöndum okkur ekki nægilega vel geta sjóðfélagar ákveðið að greiða til annarra lífeyrissjóða og það veitir okkur mikið aðhald.“

„Í ljósi þess að engin skylduáðild er að Frjálsa lífeyrissjóðnum er sérstaklega ánægjulegt að svo margir treysti sjóðnum.“

### FRJÁLSI LÍFEYRISSJÓÐURINN

Hrein eign: 145 milljarðar.

**Fjöldi starfsmanna:** Starfsmenn í fjölmörgum deildum Arion banka sinna rekstri Frjálsa lífeyrissjóðsins. Sjóðurinn er því ekki með starfsmenn á launaskrá.

**Framkvæmdastjóri:** Arnaldur Loftsson.

**Stjórnarformaður:** Ásgeir Thoroddsen.

**Stefna (í einni setningu):** „Frjálsi lífeyrissjóðurinn nýtir samspil séreignar og samtryggingar og leitast við að bjóða upp á mismunandi leiðir til þess að sjóðfélagi geti valið þá leið sem hentar honum best.“